

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 2015 í máli nr. E-4439/2014:

**Íslenska gámafélagið ehf.**

*(Ólafur Karl Eyjólfsson hdl.)*

**gegn**

**Seltjarnarnesbæ**

*(Árni Ármann Árnason hrl)*

### I.

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 20. maí sl., er höfðað 31. október 2014 af Íslenska gámafélaginu ehf., Gufunesvegi í Reykjavík, gegn Seltjarnarnesbæ, Austurströnd 2 á Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkenndur verði réttur hans til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar, sem hann hefði notið hefði ekki komið til ákvörðunar Seltjarnarnesbæjar, dags. 29. maí 2012, um að hafna tilboði stefnanda í útboði sem auðkennt var sem „Sorphirða í Seltjarnarnesbæ, Útboðsgögn, Útboðs- og samningsskilmálar, Apríl 2012“. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst þess aðallega að öllum kröfum stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Málið var flutt um frávísunarkröfu stefnda 20. maí sl. og er sá þáttur málsins hér til úrlausnar. Þar gerir stefndi þá kröfu að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað auk málskostnaðar.

### II.

Stefnandi er fyrirtæki sem sinnir almennri sorphirðu. Stefndi er sveitarfélag sem ber skylda til þess að ákveða fyrirkomulag á söfnun á heimilis- og rekstrarúrgangi innan umdæmis þess og flutningi heimilisúrgangs, sbr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stefndi bauð út sorphirðu í sveitarfélaginu í apríl 2012. Var við það miðað að samið yrði til fimm ára um þjónustuna með möguleika á framlengingu til þriggja ára. Tveir bjóðendur voru í verkið. Stefndi var annar þeirra og bauð 104.176.860

krónur í það. Hinn bjóðandinn var Gámaþjónusta Vesturlands ehf. sem bauð 85.608.380 krónur í verkið.

Í útboðsskilmálum voru gerðar ákveðnar kröfur um að bjóðendur legðu fram tiltekin gögn samkvæmt grein 0.2.2. Þar átti meðal annars að veita almennar upplýsingar um bjóðandann, fyrirtæki hans og starfslið. Þá bar að leggja fram skrá yfir helstu vélar, tæki og búnað sem nota ætti í verkið, sem og upplýsingar um gæðakerfi fyrirtækis bjóðanda. Auk þess var þar kveðið á um að leggja skyldi fram áritaðan ársreikning undanfarandi árs sem og árshlutareikning yfirstandandi árs. Jafnframt bar að leggja fram staðfestingar þess efnis að viðkomandi skuldaði ekki opinber gjöld eða lífeyrissjóðsiðgjöld, auk fleiri gagna er lutu að fjárhagsstöðu bjóðanda.

Í útboðsskilmálunum voru einnig sett ákveðin skilyrði um hæfi bjóðanda, sbr. grein 0.2.8. Lutur þessi skilyrði meðal annars að því að hann mætti ekki vera í vanskilum með opinber gjöld eða lífeyrissjóðsiðgjöld. Þá voru eftirfarandi skilyrði sett um eigið fé: „Að öllu jöfnu verður ekki gengið til samninga við bjóðanda ef ársreikningur hans sýnir neikvæða eiginfjárstöðu. Verkkaupa er þó heimilt að gera undantekningu á þessu, enda liggi fyrir við gerð verksamnings staðfesting þess í formi árshlutareiknings eða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda byggðri á upplýsingum um efnahag bjóðanda að eigið fé bjóðandans sé jákvætt.” Fram kom að ef framangreint ætti við um bjóðanda yrði tilboði hans hafnað.

Ákveðið var að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Gámaþjónustu Vesturlands ehf., og mun samningur þess efnis hafa verið undirritaður 1. júlí 2012. Stefnandi óskaði eftir gögnum sem lágu til grundvallar ákvörðun stefnda. Varð stefndi við því í meginatriðum nema að hann lét stefnanda ekki í té afrit af ársreikningi Gámaþjónustu Vesturlands ehf.

Stefnandi ritaði stefnda bréf, dags. 18. október 2012, þar sem því var haldið fram að Gámaþjónusta Vesturlands ehf. hefði ekki uppfyllt ýmis skilyrði útboðsskilmála. Þar á meðal hefði félagið ekki veitt almennar upplýsingar um fyrirtækið, vélar og tæki sem nota ætti við verkið og um gæðakerfi fyrirtækisins. Þá hefði það ekki lagt fram áritaðan ársreikning félagsins og heldur ekki árshlutareikning yfirstandandi árs. Ekki verður séð að stefndi hafi svarað þessu bréfi.

### III.

#### *1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir á því að útboðið hafi verið almennt útboð, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup, þar sem hvaða fyrirtæki sem er hafi verið heimilt að leggja fram tilboð. Telur stefnandi að framangreind lög hafi gilt að öllu leyti í útboðsferlinu. Þá byggir hann á því að stuðullinn ÍST30:2012 gildi um útboðsferlið auk meginreglna stjórnsluréttarins, meginreglna opinberra innkaupa og tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2004/18/EB, sem legið hafi til grundvallar við gerð laga nr. 84/2007.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því að sú ákvörðun stefnda að taka tilboði Gámaþjónustu Vesturlands ehf. í umræddu útboði og hafna um leið tilboði stefnanda hafi verið ólögmæt. Hafi stefndi með henni brotið gegn lögum nr. 84/2007, stuðlinum ÍST30:2012, meginreglum stjórnsluréttar og meginreglum um opinber innkaup sem og gegn framangreindri tilskipun Evrópusambandsins. Er á því byggt að stefnandi hafi átt hagstæðasta tilboðið og að stefnda hafi verið skylt að taka tilboði stefnanda, sbr. meginreglu laga um opinber innkaup um að taka skuli hagkvæmasta tilboði miðað við þær forsendur sem tilgreindar hafi verið í útboðsgögnum, eða hafna öllum. Þar sem það hafi ekki verið gert og stefndi brotið lög við ákvörðun sína, telur stefnandi sig hafa orðið fyrir tjóni sem hafi falist í því að verða af verksamningum og missa af hagnaði af verkinu. Á því tjóni beri stefndi ábyrgð.

Í stefnu eru færð nánari rök fyrir þessari afstöðu og því meðal annars haldið fram að stefndi hafi brotið gegn 14. gr. laga nr. 84/2007, auk kafla VII og IX í sömu lögum er lúti að hæfi þátttakenda í opinberum innkaupum og vali tilboðs. Þá hafi stefndi ekki fylgt kröfum útboðsgagna, sbr. nánar tilgreind ákvæði skilmálanna. Jafnframt telur stefnandi að stefndi hafi samþykkt ógilt tilboð, sbr. 71. gr. laga nr. 84/2007, sem honum hafi borið að hafna, sbr. ákvæði 0.2.8 í útboðsgögnum og vísa frá samkvæmt grein 0.2.2 í útboðsgögnum. Um það vísar stefnandi enn fremur til g-liðar 2. mgr. 47. gr. laga nr. 84/2007. Heldur stefnandi því fram að stefndi hafi gert minni kröfur til viðsemjanda síns um framlagningu gagna en til annarra bjóðenda.

Stefnandi telur að í tilboði Gámaþjónustu Vesturlands ehf. hafi nánar tiltekið vantað almennar upplýsingar um bjóðanda, fyrirtæki hans og starfslið, sbr. 1. málslið ákvæði 0.2.2 í útboðsgögnum. Þar hafi heldur ekki verið skrá um vélar, tæki og búnað sem notuð yrðu við verkið, sbr. 2. málslið sama ákvæðis. Að auki hafi þar vantað upplýsingar um gæðakerfi bjóðanda, sbr. ákvæði 0.6.2 í útboðsgögnum. Einungis hafi verið lagðar fram upplýsingar um gæðakerfi Gámaþjónustunnar ehf., sem er annað félag. Með tilboðinu hafi heldur ekki fylgt áritaður ársreikningur Gámaþjónustu Vesturlands ehf. fyrir undanfarandi ár, sbr. 4. málslið ákvæðis 0.2.2 útboðsgagna. Raunar hafi ekki fylgt neinar fjárhagsupplýsingar með tilboði bjóðandans sem hafi getað staðfest fjárhagslega getu hans til að klára verkið, sbr. 49. gr. laga nr. 84/2007, þrátt fyrir afdráttarlausan áskilnað útboðsgagna. Þá heldur stefnandi því fram að í gögnum frá stefnda hafi hvergi verið að finna yfirlýsingu frá banka eða tryggingafélagi sem hafi verið reiðubúið að láta bjóðanda fá verktryggingu, samanber áskilað í 6. málslið ákvæðis 0.2.2 í útboðsskilmálum.

Með hliðsjón af framangreindu telur stefnandi að stefnda hafi verið ómögulegt að meta hæfi bjóðandans, Gámaþjónustu Vesturlands ehf., í samræmi við áskilnað og kröfur útboðsgagna. Kröfur í ákvæði 0.2.2 séu lágmarkskröfur og samrýmist VII. kafla laga nr. 84/2007. Í þessu ljósi telur stefnandi að ákvörðun að semja við félagið hafi verið ólögmæt.

Stefnandi telur jafnframt að ekki hafi legið fyrir að framangreint félag væri í skilum með lífeyrisiðgjöld starfsmanna og að það væri með jákvætt eigið fé, sbr. ákvæði 0.2.8 í útboðsskilmálum. Í ákvæðinu sé gerð krafa um að bjóðandi uppfylli þessar kröfur, en að öðrum kosti verði tilboði hans hafnað. Þar sem upplýsingar um

Þessi atriði hafi ekki legið fyrir hafi stefndi ekki getað metið tilboð Gámaþjónustu Vesturlands ehf., sbr. ákvæði 0.2.8 í útboðsgögnum. Því telur stefnandi að stefnda hafi borið að hafna tilboðinu og útiloka bjóðandann frá útboðinu, sbr. g-lið 2. mgr. 47. gr. laga nr. 84/2007. Því hafi tilboð félagsins ekki komið til greina við val á samningsaðila, sbr. 71. gr. sömu laga.

Stefnandi byggir á því að með þessu hafi stefndi gert minni kröfur til viðsemjanda síns en lágmarkskröfur útboðsgagna hafi kveðið á um. Því hafi stefndi veitt tveimur aðilum í sömu stöðu mismunandi meðferð og brotið gegn jafnræði við opinber innkaup. Þá telur stefnandi að með ákvörðun stefnda hafi verið brotið gegn almenntri rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar. Þannig hafi stór hluti framlagðra gagna ekki átt við um Gámaþjónustu Vesturlands ehf. sem stefndi hafi samið við. Þá hafi stefnda borið að meta framlögð gögn og rannsaka þau þannig að ljóst mætti vera hvort þau væru í samræmi við kröfur útboðsgagna og gætu legið til grundvallar mati á hæfni viðkomandi bjóðanda og ákvörðun um að taka tilboði. Það hafi ekki verið gert, heldur hafi stefndi lagt mat á hæfni bjóðandans á grundvelli skilríkja um annan lögaðila. Með því telur stefnandi að stefndi hafi brotið gegn skýlausri kröfu útboðsgagna í ákvæði 0.2.8, sbr. VII. kafla laga nr. 84/2007. Stefnandi telur jafnframt að stefndi hafi ekki virt meginreglu um gagnsæi í opinberum innkaupum og byggt á ólögætum sjónarmiðum við töku ákvörðunar við hvern skyldi semja.

Í stefnu er tekið fram að hvorki hafi verið lögð fram kostnaðaráætlun né önnur gögn um hugsanlegt kostnaðarverð við verkið. Tveir bjóðendur voru í verkið og hefði stefndi útilokað Gámaþjónustu Vesturlands ehf. frá útboðinu og hafnað tilboði hans, eins og útboðsgögnin og lög nr. 84/2007 hafi boðið honum að gera, hefði stefndi samið við stefnanda um verkið. Um það vísar stefnandi til þess að hann hafi verið með lágsta gilda tilboðið, sem hafi uppfyllt forsendur útboðsins, og að hann hafi uppfyllt að öllu öðru leyti kröfur útboðsgagna. Í því sambandi er á það bent að stefnandi hafi séð um sorphirðu í Seltjarnarnesbæ undanfarin ár.

Stefnandi krefst viðurkenningar á rétti hans til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar, sem hann kveður að hann hefði notið ef ekki hefði komið til ólögætrar ákvörðunar stefnda um að ganga að tilboði Gámaþjónustu Vesturlands ehf. og hafna þar með tilboði stefnanda í útboðinu, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 84/2007. Vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um heimild til að leita dóms um viðurkenningu á skaðabótaskyldu. Stefnandi vísar enn fremur til 1. mgr. 101. gr. laga nr. 84/2007 sem hann telur að leiða til þess að hann þurfi einungis að sanna að hann hafi átt raunhæfa möguleika á að verða fyrir valinu af kaupanda og að möguleikar hans hafi skerst við brotið. Stefnandi vísar jafnframt til 2. mgr. 101. gr. laga nr. 84/2007 fyrir kröfu sinni. Telur stefnandi ljóst að ef ekki hefði verið gengið að tilboði Gámaþjónustu Vesturlands ehf. hefði tilboði stefnanda verið tekið, enda hafi einungis borist tilboð frá honum og Gámaþjónusta Vesturlands ehf. í útboðið. Stefnandi kveðst því hafa orðið af hagnaði sem hann hefði ella haft af samningi við stefnda, en eðli málsins samkvæmt hafi stefnandi áætlað sér eðlilegan hagnað af verkinu þegar tilboðið hafi verið gert. Vísar stefnandi til þess að raunkostnaður síðastliðinna ára hafi legið tilboðinu til grundvallar, þar sem stefnandi hafi sinnt sorphirðu í Seltjarnarnesbæ. Því hafi stefnandi orðið fyrir tjóni vegna hagnaðarmissis þar sem stefndi hafi ekki samið við hann í kjölfar útboðsins.

## 2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi reisir aðalkröfu sína um frávísun málsins á því að málatilbúnaður stefnanda sé svo óljós og ruglingslegur að hann uppfylli ekki kröfur d- og e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Frávísunarkrafa stefnda byggir einnig á því að málinu verði að vísa frá þar sem stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af málssókninni. Þannig sé ekki uppfyllt það skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægilegar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni og gera grein fyrir því í hverju tjónið felist. Í málsástæðukafla stefnanda sé hvorki vikið nægjanlega að því í hverju tjón stefnanda felist né sé gerð tilraun til að rökstyðja hversu miklu tjóni stefnandi hafi í raun orðið fyrir. Stefnandi geti ekki talist hafa leitt nægilegar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni með því einu að benda á að fyrir liggja að Seltjarnarnesbær hafi ekki gengið til viðskipta við hann. Um þetta vísar stefndi meðal annars til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 68/2010.

Stefndi kveður stefnanda hafa lagt fram skjal með einhverskonar arðsemisútreikningum. Ekki sé gerð tilraun til þess að útskýra hvaða þýðingu skjalið hafi eða hvað í því felist. Telur stefndi að umrætt skjal hafi að því er virðist að geyma útreikninga stefnanda sjálfs, en því fylgi enginn rökstuðningur. Stefndi hafnar því að umrætt skjal hafi nokkra þýðingu í málinu. Þannig séu ekki leiddar nægilegar líkur fyrir því í stefnu að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, hvernig það sé komið til og hver tengsl hins meinta tjóns séu við atvik máls. Einnig hafi alveg farist fyrir hjá stefnanda að gera grein fyrir orsakatengslum í stefnunni sem sé eitt af skilyrðum skaðabótaábyrgðar.

Auk alls ofangreinds byggir stefndi á því að stefnandi geti ekki talist hafa leitt nægilegar líkur að mögulegu tjóni sínu þar sem hann hafi ekki sannað að hann hafi átt raunhæfa möguleika á því að verða valinn í útboðinu yfir höfuð. Stefndi bendir í því sambandi á að samkvæmt niðurlagi greinar 0.2.8 í útboðsskilmálum hafi stefndi áskilið sér rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er sem uppfyllti kröfur útboðsgagna eða hafna öllum tilboðum. Þar sem einungis tvö tilboð hafi borist í útboðinu verði stefnandi að sýna fram á að tilboði hans hefði ekki verið hafnað af einhverjum ástæðum sem mælt sé fyrir um í útboðsgögnum. Það hafi stefnandi ekki gert enda geri stefnandi ekki nokkra tilraun til þess að sýna fram á slíkt í stefnu sinni. Í þessu sambandi vísar stefndi einnig til efnislegra röksemda hans þar sem því er lýst að stefnandi sjálfur hafi ekki uppfyllt ákvæði útboðsgagna um að skila undirrituðum ársreikningi og árshlutareikningi, auk þess sem að hann uppfylli ekki skilyrði útboðsins um að vera með jákvætt eigið fé.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á ýmsum málsástæðum, en ekki er ástæða til að rekja þær í þaula við úrlausn á frávísunarkröfu stefnda. Rétt er þó að stikla á stóru um þessar röksemdir stefnda. Fyrir það fyrsta telur stefndi að ákvörðun hans um að ganga til samninga við Gámapijónustu Vesturlands ehf. hafi að öllu leyti verið lögmæt og í samræmi við útboðsgögn. Hafnar stefndi öllum sjónarmiðum stefnanda um að stefnda hafi borið að hafna tilboði félagsins og telur að það hafi í engu verið ófullnægjandi eða í ósamræmi við útboðsgögn. Þvert á móti hafi það verið að öllu leyti betra og hagkvæmara en tilboð stefnanda. Öll umbeðin fylgigögn hafi fylgt

tilboðinu og þau hafi öll uppfyllt nauðsynleg skilyrði svo hæfismat gæti farið fram. Þá sé ekki til að dreifa neinni saknæmri eða ólögmætri háttsemi af hans hálfu.

Stefndi bendir meðal annars á að Gámaþjónustan hf. hafi verið undirverktaki Gámaþjónustu Vesturlands ehf., en Gámaþjónustan hf. sé móðurfélag þjóðanda. Af þessari ástæðu hafi verið lögð fram gögn um bæði félögin. Fram hafi komið í gögnunum að mannaflí og tækjabúnaður undirverktakans yrði notaður jöfnum höndum við verkið. Ítarlegar upplýsingar hafi verið veittar um þennan tækjabúnað og vélar, sem og um gæðakerfi Gámaþjónustunnar hf., sem gildi um alla samsteypuna. Jafnframt hafi áritaður ársreikningur Gámaþjónustu Vesturlands ehf. legið fyrir og hafi hann sýnt jákvætt eigið fé árið 2011. Árshlutareikningur hafi einnig verið lagður fram. Þá hafi verið lögð fram gögn sem sýnt hafi að félögin sem um ræði hafi ekki verið í vanskilum við ríkissjóð og lífeyrissjóði. Að auki hafi legið fyrir skrifleg yfirlýsing frá tryggingafélagi eins og áskilið sé í útboðsskilmálum, auk fleiri gagna.

Stefndi byggir á því að tilboð Gámaþjónustu Vesturlands ehf. hafi að öllu leyti verið gilt, sbr. 71. gr. laga nr. 84/2007. Því hafi stefnda borið að lögum að taka tilboðið til greina og leggja mat á það við ákvörðun um val á tilboðum í útboðinu. Í útboðsskilmálum hafi komið fram að við valið yrði gengið út frá hagkvæmasta boði, sbr. 72. gr. sömu laga. Tilboð Gámaþjónustu Vesturlands ehf. hafi verið verulega lægra en tilboð stefnanda. Þá vísar stefndi jafnframt til þess að legið hafi fyrir að Gámaþjónusta Vesturlands ehf. hefði áralanga reynslu af þjónustu af þessu tagi og verkferla sem samrýmdust vel markmiðum stefnda sem kaupanda. Útilokað hafi verið fyrir stefnda að ganga fram hjá því tilboði nema með því að hafna öllum tilboðum.

Stefndi hafnar því einnig að ákvæði 1. mgr. 101. gr. laga nr. 84/2007 geti átt við um hina umdeildu ákvörðun stefnda, þar sem engin ólögmæt háttsemi hafi átt sér stað og farið hafi verið að útboðsgögnum í einu og öllu. Þá er því einnig hafnað að stefnandi hafi uppfyllt það skilyrði ákvæðisins að færa sönnur á að hann hafi átt raunhæfa möguleika á að verða valinn í útboðinu. Ekki sé gerð nein tilraun til þess að sýna fram á það. Stefndi áréttar í því sambandi að hann hafi í útboðsskilmálum áskilið sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum. Því þurfi stefnandi að sýna fram á að tilboði hans hefði ekki verið hafnað af einhverjum ástæðum. Auk þess byggir stefndi á því að tilboð stefnanda sjálfs hafi verið verulega ábótavant. Með tilboðinu hafi einungis fylgt óundirrituð drög að ársreikningi fyrir árið 2011 og því hafi skilyrði greinar 0.2.2 í útboðsskilmálum ekki verið uppfyllt að þessu leyti. Þar að auki komi fram í ársreikningnum að eigið fé hafi verið neikvætt um 168.155.072 krónur og því hafi skilyrði greinar 0.2.8 útboðsskilmála heldur ekki verið fyrir hendi. Þá hafi legið fyrir yfirlýsing um að árshlutareikningur félagsins lægi ekki fyrir á þeirri stundu sem tilboði hafi verið skilað. Því telur stefndi að tilboð stefnanda hafi ekki komið til greina. Því hafi borið að vísa því frá á grundvelli greinar 0.2.2, sbr. heimild í g-lið 2. mgr. 47. gr. laga nr. 84/2007.

Stefndi byggir einnig á því að allar þær reglur stjórnsýsluréttar, sem stefnandi tefli fram, hafi verið hafðar að leiðarljósi við ákvörðunartöku í útboðsferlinu. Sjónarmiðum um annað hafnar stefndi sem röngum.

#### IV.

Í máli þessu krefst stefnandi viðurkenningar á rétti hans til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar sem hann hefði notið hefði stefndi ekki ákveðið að semja við Gamaþjónustu Vesturlands ehf. í kjölfar útboðs á sorphirðu á Seltjarnarnesi. Stefnandi reisir málatilbúnað sinn að þessu leyti á heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Þar segir að hafi stefnandi lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands geti hann leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur verið skýrður á þá leið að sá sem krefst viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við ætlað skaðaverk. Verður að gera kröfu um það að í stefnu sé fjallað með skýrum hætti um þessi atriði þannig að rök séu færð fyrir því að skilyrðum um lögvarða hagsmuni sé fullnægt.

Með því að stefnandi telur sig hafa orðið af hagnaði af umræddu verki virðist hann ganga út frá því að hann hafi átt tilkall til þess að hljóta verkið. Í útboðsskilmálum kemur fram að stefndi áskilji sér rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er, að því tilskyldu að það uppfylli kröfur útboðsgagna, eða hafna öllum tilboðum. Einungis tveir bjóðendur buðu í verkið og var stefnandi annar þeirra. Stefnandi reisir kröfur sínar á því að tilboð hins, sem var þó nokkuð lægra en tilboð stefnanda, hafi ekki fullnægt kröfum útboðsskilmála og því hafi tilboðið ekki átt að koma til álita á grundvelli laga nr. 84/2007. Á það skortir hins vegar í stefnu að gerð sé nægjanleg grein fyrir því á hvaða grunni stefnandi telur sig hafa fullnægt áskilnaði útboðsgagna, m.a. um jákvætt eigið fé, og að gera hafi átt samning við hann. Þá er þar í engu vikið að áætlunum hans um þann hagnað sem hann telur sig hafa orðið af með því að samningur var gerður við annan bjóðanda. Ekki nægir í því efni að leggja fram við þingfestingu einhliða útreikninga á arðsemi stefnanda af umræddri starfsemi.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið liggur ekki fyrir að stefnandi hafi fært viðhlítandi rök fyrir því að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna missis hagnaðar, sem rekja má til ákvörðunar stefnda, og tengslum þess við þá saknæmu háttsemi sem hann telur að stefndi hafi sýnt af sér. Ekki liggur því fyrir að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeirri viðurkenningarkröfu sem hann hefur uppi í málinu. Því ber að vísa málinu frá dómi.

Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir í ljósi umfang málsins og rekstur þess fyrir dómi hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Íslenska gámafélagið ehf., greiði stefnda, Seltjarnarnesbæ, 500.000 krónur í málskostnað.